

Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli við Lindargötu
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 21. ágúst 2023

Ábendingar Landverndar til Starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu, mál nr. 119/2023

Eins og fram hefur komið í fyrri umsögnum Landverndar styður Landvernd auðlindagjöld af orkuvinnslu¹ og bendir á fyrri umsagnir sínar um nauðsyn þess að ákvæði um auðlindir þjóðarinnar í tillögu að stjórnarskrá verði innleidd og það tryggt að tekjur af nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar komi samfélaginu til góða með réttlátri skiptingu sem og um skyldu stjórnvalda til að vernda náttúru og auðlindir Íslands².

Mengunarbótareglan

Ónýtt tækifæri til tekjuöflunar ríkisins er mengunarbótaregla umhverfisréttar. Hún segir að sá sem skaðar umhverfið eigi að greiða fyrir skaðann. Orkufyrirtæki á Íslandi hafa aldrei þurft að greiða fyrir þann skaða sem þau hafa valdið á íslenskri náttúru og því geta orkufyrirtækin selt orku á mun lægra verði því náttúran ber falinn kostnað.

Þrískipt gjaldtaka

Landvernd skorar á starfshópinn að skoða vandlega að skipta skatti á orkuvinnslu þannig að hann feli í sér

- auðlindagjald fyrir afnot af sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar
- bætur fyrir umhverfisskaða sem orkuvinnslan veldur og
- gjöld sem standa undir kostnaði við leyfisveitingar, eftirlit og mótvægisáðgerðir opinberra aðila vegna orkuvinnslunnar.

Þá bendir Landvernd á hættuna af því að leyfisveitendur séu einnig þeir sem hafa fjárhagslegan ávinning af því að leyfið sé veitt. Það gengur gegn ákvæðum EES reglna um mat á umhverfisáhrifum, það er að stjórnvöldum ber að tryggja að leyfisveitandi sé hlutlaus, en íslensk stjórnvöld virða það ákvæði að

¹ [Vindorkuver eiga ekki að fá afslátt þegar áhrif á umhverfið eru metin - Landvernd 153-4107.pdf \(althingi.is\)](#)

² [Umsagnir Landverndar um breytingar á stjórnarskrá - Landvernd Tillaga um ákvæði varðandi náttúruvernd í stjórnarskránni - landvernd.is](#)

vettugi. Landvernd bendir á kvörtun sína til ESA frá árinu 2020 sem þetta varðar³. Á meðan sveitarfélög eru leyfisveitendur fyrir framkvæmdir vegna orkuvinnslu eiga þau ekki á sama tíma aukið veltu sína beint vegna sömu framkvæmdar, sem jafnvel geta numið tugum prósentu af veltu lítilla sveitarfélaga. Því verður að skoða skattlagningu á orkuvinnslu í sambandi við hvort leyfisveitandi njóti óeðlilega mikils fjárhagslegs ávinnings af skattlagningunni.

Brýnt er að gæta að því við gerð laga um skattlagningu á auðlindir og orkuvinnslu að girða fyrir möguleg undanskot með nýtingu skattaskjóla eða himinhárra skulda við erlent móðurfélag.

Loftslagskrísan er orkukrísá

Gjöld á orkuvinnslu gætu einnig orðið liður í því að draga úr orkunotkun sem er ein mikilvægasta aðgerðin til að sporna við hamfarahlýnun. Brýnt er að starfshópurinn geri sér grein fyrir því að loftslagskrísan er orkukrísá og loftslagsvandinn verður ekki leystur eingöngu með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir vind/sólar/jarðvarma/vindorku. Verulegur samdráttur í orkunotkun verður einnig að koma til.

Samsetning starfshóps

Stjórn Landverndar gerir athugasemd við samsetningu starfshópsins. Í honum situr enginn fulltrúi sem hefur þekkingu eða skyldu til að gæta náttúru Íslands og heldur enginn fulltrúi sem er sérfræðingur í umhverfismálum. Landvernd fer þess á leit við Fjármála- og efnahagsráðuneytið að bæta úr þessu með því að skipa aðila með greinargóða sérfræðiþekkingu á umhverfismálum í hópinn.

Lokaorð

Landvernd styður skattlagningu á orkuvinnslu og telur að í henni eigi að felast auðlindagjald, skaðabótagjald vegna skaða á náttúrunni og þjónustugjald. Þá telur stjórn Landverndar að breyta þurfi lögum um leyfisveitendur framkvæmda í orkuvinnslu þar sem þeir geta jafnframt hlotið mikinn fjárhagslegan ávinning af leyfisveitingunni, og enn meiri ef skattar á orkuvinnslu verða hækkaðir.

*Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

³ [Landvernd kvartar til ESA vegna reglna um umhverfismat - Landvernd](#)